

AUGLÝSING

um

samning um áskrift á blöðum og tímaritum milli Íslands og Noregs.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Noregi hafa að fengnu sjerstöku umboði komið sjer saman um eftirfarandi samning:

SAMNINGUR

um

áskrift á blöðum og tímaritum milli Íslands og Noregs.

Póststjórnirnar á Íslandi og í Noregi hafa að fengnu sjerstöku umboði komið sjer saman um eftirfarandi samning:

1. gr.

Póststarfinu við áskrift á blöðum milli Íslands og Noregs skal hagað samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

Með tímarit fer eins og blöð að því er áskrift snertir.

2. gr.

Í hvoru landinu um sig veita pósthúsin móttöku á pöntunum frá almennings hálfu á blöðum, sem gefin eru út í hinu landinu, enda hafi útgefendur samþykkt milligöngu póststjórnarinnar við áskrift blaða.

Þau taka ennfremur á móti pöntunum á blöðum allra annara landa, sem póststjórnirnar kynnu að geta útvegað, en hvoru landinu um sig er heimilt að leyfa ekki áskrift á blöðum, sem kynnu að vera bönnuð á valdsvæði þess, eða útilokuð frá flutningi eða útbýtingu.

3. gr.

54

Hvor póststjórnin um sig ákveður verð það, sem hún tekur fyrir að út- 4. okt.
vega hinni blöð úr sínu landi, og, ef svo ber undir, blöð, sem koma út í öðrum löndum.

Verð þetta má ekki undir neinum kringumstæðum fara fram úr verði því, sem innlendir áskrifendur í Noregi greiða, en á Íslandi innkaupsverði póststjórnarinnar þar, að viðbættu meðaltali á innanríkisburðargjaldi og umboðsgjaldi allt að 50 aurum fyrir hvert áskriftartímabil.

Fyrir norsk og íslensk blöð og tímarit, frá eða til Noregs og Íslands, sem send eru með beinum skipaferðum eða fara aðeins í transít yfir Norðurlönd, skal taka transítgjald, 25 auro um hvern ársfjórðung, eða brot úr ársfjórðungi, fyrir hvert blað eða tímarit, sem kemur oftast út en einu sinni í viku, en annars 12½ eyri um ársfjórðung — allt saman með hliðsjón til gengismunar, sem kann að verða. — Transítgjaldið fellur í hlut hinnar norsku póststjórnar, enda gerir hún upp við milliliggjandi lönd. Nánari reglur um útreikning á þessu gjaldi setja póststjórnirnar.

Fyrir íslensk blöð og tímarit til allra annara landa en Noregs, svo og fyrir blöð og tímarit frá öðrum löndum til Íslands skal transítgjaldið reiknað samkvæmt ákvæðum alþjóðapóstsamningsins um slíkar sendingar, nema lægra transítgjald sje ákveðið með sjerstökum samningi.

4. gr.

1. Póststjórn ákvörðunarlandsins ákveður gengi það sem hún notar við breytingu á kaupverðinu í mynt síns lands.

2. Póststjórn ákvörðunarlandsins ákveður verð það, sem áskrifanda ber að greiða, og bætir við það burðar- umboðs- eða útburðargjaldi því, sem hún álítur þörf á að taka, án þess þó að greiðslur þessar megi fara fram úr þeim, sem póststjórnin í Noregi tekur fyrir innlendar áskriftir, eða þeim, sem póststjórnin á Íslandi tekur í innanríkisburðargjald og umboðsgjald samkvæmt 3. grein.

Þar að auki bætir hún við stimpilgjaldi því, sem kynni að eiga greiðast samkvæmt lögum landsins.

3. Áskriftargjaldið skal greiðast við pöntun og fyrir allt áskriftartímabilið í einu.

5. gr.

Breyting á verði skal tilkynnt aðalpóststjórn ákvörðunarlandsins eða einhverju pósthúsi, sem sjerstaklega er tiltekið, og, eftir því sem frekast er unnt, innan mánaðar áður en tímabilið hefst, sem hún á við. Nær hún til þeirra

- 54** áskrifta, sem pantaðar eru fyrir þetta tímabil, en hefir engin áhrif á áskriftir,
 4. okt. sem eru í gildi, þegar hið nýja verð er tilkynnt.

6. gr.

Verðlista, áskriftartilboð, auglýsingahefti o. s. frv., sem lögð eru innan í blað, en geta ekki skoðast hluti af því, skal borga undir eins og undir prentað mál; skal burðargjald þetta greitt með frímerkjunum eða stimpli frímerkingarvjelar, annaðhvort á krossbandinu eða umslaginu, eða á prentinu sjálfu.

7. gr.

1. Áskriftir er ekki hægt að fá fyrir önnur tímabil en þau, sem tiltekin eru á hinum opinberu listum.
2. Áskrifendur, sem ekki hafa pantað í tíma, eiga ekki heimtingu á tölublöðum þeim, sem komið hafa út frá byrjun áskriftartímabilsins.

8. gr.

1. Skifti áskrifendur um bústað innanlands, geta þeir með aðstoð viðskiptapósthúsanna fengið blaðið sent eftir hinu nýja heimilisfangi sínu. Fyrir þetta má taka gjald samkvæmt innanríkisákvæðum hlutaðeigandi lands.

2. Áskrift á blöðum hjá póststjórn annars hvors landsins er hægt að flytja úr einum stað í öðru landinu í annan stað í hinu gegn 50 auru gjaldi fyrir flutninginn, og greiðist það fyrirfram.

Upphæðin fellur til þeirrar póststjórnar, sem innheimtir hana.

3. Flytji áskrifandi bústað sinn út fyrir samningslöndin, skulu eintökin send með persónulegri utanáskrift viðtakanda og nægilega frímerkt, annaðhvort af útgefanda eða pósthúsi fyrsta ákvörðunarstaðar, gegn fyrirfram greiðslu áskrifanda á burðargjaldinu.

9. gr.

Pósthúsin eru skyldug til þess að taka til greina, áskrifendum að kostnaðarlausu, allar umkvartanir, sem hafa við rök að styðjast, og snerta tafir eða hverskonar óreglu í póststarfinu við áskrift á blöðum,

10. gr.

Póststjórnirnar taka enga ábyrgð á sig gagnvart skyldum þeim og skuld- 4. okt.
bindingum, sem hvíla á útgefendunum.

Þeim ber og engin skylda til endurgreiðslu ef svo fer, að blað hættir að koma út að nokkru eða öllu leyti á meðan áskriftartímabilið standur yfir.

11. gr.

Hvor póststjórnin um sig heldur að fullu burðargjöldum þeim og greiðslum, sem hún tekur fram yfir kaupverðið.

12. gr.

1. Reikningarnir yfir afgreiddar og umbeðnar áskriftir skulu gerðir ársfjórðungslega og greiddir af hinni skuldugu póststjórn í löglegri mynt landsins, sem á inni, og innan tímatakmarka, sem ákveðin eru í reglugjörð eða eftir samkomulagi beggja póststjórnanna.

2. Greiðsla á reikningsjöfnuðinum fer fram með póstávísun, ef annað hefir ekki orðið að samkomulagi.

Slíkar póstávísanir eru undanþegnar öllu gjaldi og mega fara fram úr hámarki því, sem ákveðið er í póstávísanasamningnum.

3. Verði dráttur á greiðslunni, falla vextir á upphæðina, 7% á ári, til póststjórnarinnar, sem á inni.

13. gr.

Póststarfið við áskrift á blöðum er framkvæmt af viðskiftapósthúsum, sem hvor póststjórnin um sig ákveður.

14. gr.

Póststjórnirnar hafa heimild til í sjerstakri starfsreglugjörð eða með skriflegu samkomulagi, að setja nánari ákvarðanir, til framkvæmda á samningi þessum.

Beri svo við um einhver atriði, að engin ákvæði um þau sjeu fyrir hendi í samningi þessum, skal farið eftir alþjóðapóstsamningunum og starfsreglugjörðunum, sem þeim fylgja.

54

15. gr.

4. okt.

Samningur þessi skal ganga í gildi þann 1. október 1923 og vera í gildi um óákveðinn tíma, en hvor samningsaðili getur sagt honum upp fyrir sitt leyti með árs fyrirvara.

Saminn í tveim eintökum.

Reykjavík, 10. ágúst 1923

Kristjaníu, 28. júlí 1923

S. Briem.

Hin norska pósthjórn.

(L. S.)

Sommerschild.

(L. S.)

Klaus Helsing.

Þetta gerist hjer með öllum kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann.

Reykjavík, 4. oktbr. 1923.

Kl. Jónsson.

S. Briem.